

## Frumvarp til laga

### um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (framleiðendafélög).

(Eftir 2. umræðu, 20. mars.)

#### 1. gr.

III. kafli laganna, sem hefur fyrrsögnina **Framleiðendafélög**, með einni nýrri grein, 5. gr., orðast svo:

Til framleiðendafélaga teljast aðeins félög sem eru fyrstu framleiðendur kjötafurða og afleiddra afurða og annast slátrun og/eða vinnslu kjötafurða og afleiddra afurða. Sama gildir um samtök slíkra félaga. Framleiðendafélag getur m.a. verið hlutafélag, einkahlutafélag, samvinnufélag eða sameignarfélag. Þá skal skýrt tekið fram í samþykktum félags sem starfar sem framleiðendafélag að tilgangur þess sé að starfa sem framleiðendafélag til samræmis við ákvæði 71. gr. A.

#### 2. gr.

Á eftir 71. gr. laganna kemur ný grein, 71. gr. A, svohljóðandi:

Brátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er framleiðendafélögum skv. 5. gr. heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjötafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara.

Framleiðendafélög sem nýta sér heimild 1. mgr. skulu:

- safna afurðum frá framleiðendum á grundvelli sömu viðskiptakjara,
- selja öðrum vinnsluaðilum afurðir til frekari vinnslu á grundvelli sömu viðskiptakjara og dótturfélögum eða öðrum félögum sem framleiðendafélag hefur yfirráð yfir,
- ekki setja skorður við því að framleiðendur færi viðskipti sín til annars aðila,
- tryggja öllum framleiðendum rétt til að eiga einungis viðskipti við framleiðendafélag um afmarkaða þætti, svo sem slátrun og hlutun.

Samkeppniseftirlitið fer með eftirlit með framkvæmd 2. mgr.

#### 3. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrir lok árs 2028 skal ráðherra flytja Alþingi skýrslu þriggja óháðra sérfræðinga á sviði hagfræði og samkeppnisrekstrar um reynsluna af framkvæmd undanþágureglu 71. gr. A og meta áhrif hennar m.a. með hliðsjón af markmiðsákvæðum laganna. Meta skal sérstaklega hver ávinningur bænda og neytenda hefur verið.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.